

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Heiðarsels 2019 - 2022

Jafnréttisáætlun heilsuleikskólans Heiðarsels á við börn, foreldra og starfsfólk leikskólans. Áætlunin er í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Einnig tekur hún mið af Jafnréttisáætlun Reykjanesbæjar.

Mikilvægt er að tryggja jafnrétti milli kynja og að hver einstaklingur, barn eða starfsmaður fái að njóta sín og að mannaður nýtist sem best.

Í leikskólanum er lagst gegn hvers konar einelti, áreitni og ofbeldi og áhersla er lögð á að komið sé fram við fólk af virðingu og á uppbyggilegan hátt. Kynbundin mismunur er ekki leyfð, í hvaða formi sem hún birtist. (sbr.22.gr. „Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni.)

Megin markmið

- ✚ Að tryggja jafnrétti kynjanna á sem víðtækustum grunni
- ✚ Að koma fram við alla starfsmenn, foreldra og börn af virðingu.
- ✚ Gæta skal jafnréttis í öllu starfi.
- ✚ Lögð er áhersla á góðan staðblæ, sem hvetur til góðra og skapandi verka, þar sem mannaðurinn er nýttur og öll framlög og allar hugmyndir njóta virðingar.

Starfsmenn

Í Heiðarseli stuðlum við að því að þar starfi karlar jafnt sem konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin. Við ætlumst til þess að feður jafnt sem mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna veikinda eigin barna. Við temjum okkur orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja, stuðlum að umræðum um jafnréttismál innan starfsmannahópsins og vinnum gegn því að litið sé á störf í leikskólanum sem kvennastörf.

- ✚ Gæta skal jafnréttis hvað varðar ábyrgð og þátttöku starfsmanna í starfshópum, greiða skal jöfn laun og tryggja sömu kjör fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.
- ✚ Gæta skal að því að auglýsingar og kynningarefni höfði til beggja kynja.
- ✚ Við stöðuveitingar skal tryggt að jafnréttissjónarmiða sé gætt.
- ✚ Leitast skal við að jafna hlutfall kvenna og karla.
- ✚ Lögð er áhersla á að allir starfsmenn geti eflt kunnáttu sína og hæfni.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Bæði karlar og konur eru hvött til að sækja um laus störf.	Leikskólastjóri	Alltaf þegar starf er auglýst laust til umsóknar.
Að tryggja að starfsþjálfun og endurmenntun sé aðgengileg öllum.	Greina þörf og sókn	Leikskólastjóri	Lokið í maí ár hvert.
Að vera fjölskylduvænn vinnustaður.	Kynna stefnu skólans hvað varðar samræmingu	Leikskólastjóri	Kynning í upphafi skólaárs ár hvert.

	fjölskyldu og atvinnulífs.		
„Konum og körlum er starfa hjá sama atvinnurekanda skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt fyrir konur og karla. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun“ (sbr. 19. gr. Launajafnrétti).	Fræðsluáttak til stjórnendateymis um launajafnrétti til þess að tryggja þekkingu þeirra og verklag hvað varðar launasetningu óháð kyni	Leikskólastjóri	Á tveggja ára fresti, ágúst 2019 og 2021

Börn

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagsamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“ (sbr.22.gr. „*Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni*“)

Í Heiðarseli mætum við þörfum sérhvers barns óháð kyni. Drengir og stúlkur fá sama viðmót, hvatningu og örvun í daglegum venjum og í þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á. Við stuðlum að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum kynjanna. Stuðlum að því viðhorfi að það sé eðlilegt að bæði kynin leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum. Passað er upp á að ekki séu notuð hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið. Stuðlum að því að börnin upplifi það eðlilegt að bæði kynin vinni ýmis störf í samfélaginu og innan heimilanna. Við vinnum gegn hefðbundnum staðalmyndum kynjanna sem ætla drengjum og stúlkum, konum og körlum ákveðin hlutverk í lífi og starfi.

- ✚ Leikefni og viðfangsefni skulu höfða til allra barna.
- ✚ Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir.
- ✚ Markvisst skal unnið gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Börnin fá fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa	Jafnréttisfræðsla verði samþætt inn í alla námsþætti í öllum árgöngum.	Deildarstjórar/jafnréttisteymi	Að vori ár hvert

bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu.			
Námsgögn skólans skulu þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.	Námsefni yfirfarið með tilliti til jafnréttis.	Deildarstjórar/jafnréttisteymi	Í upphafi og lok skólaárs ár hvert
Setja upp kynjagleraugu.	Skráning á vinnunni út frá kynjamun	Deildarstjórar/jafnréttisteymi	Í lok haustannar ár hvert

Foreldrar

- ✚ Litið er á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfinu.
- ✚ Hvetja báða foreldra til þátttöku í skólastarfinu
- ✚ Hvetja skal foreldra af báðum kynjum til að hafa virkt netfang svo upplýsingar frá leikskólanum berist þeim.
- ✚ Beina skal samskiptum og orðum bæði til feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að báðir foreldrar nýti sér þann rétt sem þau eiga varðandi foreldra- og fæðingarorlof og leyfi vegna veikinda barna.	Kynna fyrir starfsfólki réttindi og skyldur sem það hefur gagnvart vinnustaðnum.	Leikskólastjóri	Kynning í september ár hvert.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

Allt starfsfólk Reykjanesbæjar á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það hafi tækifæri til að vinna störf sín án þess að eiga á hættu kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni eða einelti. Lögð er áhersla á að starfsfólk bæjarins skapi og sé skapað umhverfi sem laust er við kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislega áreitni eða einelti af einhverju tagi.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni, kynferðisleg áreitni og einelti líðst ekki í leikskólanum Heiðarseli og á það við um alla, jafnt börn sem fullorðna. Verði einhver fyrir slíkri framkomu hefur sá hinn sami rétt til að tilkynna það til leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, viðkomandi deildarstjóra eða öryggistrúnaðarmanns þar sem málið er greint og viðeigandi ráðstafanir eru gerðar. (sbr. **22. gr.** „Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni“)

Við ráðningu starfsmanns í leikskólann er sérstaklega gætt að því að fylgja ákvæðum laga um leikskóla nr. 90/2008, 3.mgr.6.gr sem segir að „Óheimilt sé að ráða til starfa við leikskóla einstakling sem hlotið hefur refsíðóm fyrir brot á ákvæðum XX11.kafli um almennra hegningar-laga. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá“

„Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum“ (sbr.22.gr. „Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni“)

Í vinnuverndarlögum nr. 46/1980 er getið um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað..

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að koma í veg fyrir að starfsfólk skólans og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og / eða kynferðislegri áreitni.	Allt starfsfólk skólans fái fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni.	Leikskólastjóri / jafnréttisteymi.	Lokið á haustönn ár hvert og síðan fylgt eftir allt skólaárið.
Að í skólanum sé til forvarnar og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og ofbeldi.	Forvarnar og viðbragðsáætlunin kynnt fyrir öllu starfsfólki.		Lokið í október 2019
Að starfsfólk skólans viti hvert skal leita ef það verður fyrir eða verður vitni að kynbundnu ofbeldi eða áreitni.	Í forvarnar og viðbragðsáætluninni kemur skýrt fram hvert skal leita ef slík mál koma upp.		

Eftirfylgni

Í júní ár hvert skal jafnréttisteymi fara yfir áætlunina og meta stöðuna innan skólans. Upplýsa fyrir öllu starfsfólki skólans hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að jafnréttisáætlunin skili tilætluðum skili tilætluðum árangri.	Viðhorfskönnun meðal kennara og annars starfsfólks með tilliti til verkefna áætlunarinnar.	Skólastjóri / jafnréttisteymi	Lokið í lok júní annað hvert ár.
Að jafnréttisáætlunin sé í sífellndri þróun eins og önnur stefnumótun.	Vinna tillögu að nýrri jafnréttisáætlun á grundvelli reynslu, verkefna og niðurstaðna kannana.	Skólastjóri / jafnréttisteymi	Lokið að vori 2022

